

# Starfsábyrgð innheimtuaðila

Staðlað upplýsingarblað um váttryggingu



Vörður tryggingar

Skilmáli SA-21

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. Ekki er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavini um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á váttryggingarskírteini tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á Mínum síðum Varðar. Skilmálar tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um váttryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt váttryggingarskírteini.

## HVERNIG TRYGGING ER STARFSÁBYRGÐ INNHEIMTUAÐILA?

Starfsábyrgðartryggingar hafa þann tilgang að bæta almennt fjártjón sem váttryggður kann að valda viðskiptavinum sínum við störf sín. Innheimtuaðilum er skylt að kaupa og viðhalda starfsábyrgðartryggingu samkvæmt innheimtulögum.



### HVAÐ BÆTIR TRYGGINGIN?

- ✓ Skaðabótaábyrgð sem fellur á váttryggðan, þegar þriðji maður verður fyrir almennu fjártjóni, sem rakið verður til gáleysis váttryggðs sjálfs eða starfsmanns hans samkvæmt innheimtulögum.

Vinsamlegast athugið að upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í skilmála tryggingarinnar.



### HVAÐ BÆTIR TRYGGINGIN EKKI?

- ✗ Tjón sem rekja má til þess að váttryggður tekur á sig ábyrgð sem er víðtækari en almenn bótaskylda hans sem innheimtuaðila.
- ✗ Sekta sem falla á váttryggingataka eða þriðja mann.
- ✗ Líkamstjóns eða skemmdir á munum.

Vinsamlegast athugið að upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í skilmála tryggingarinnar.



## ERU EINHVERJAR TAKMARKANIR EÐA VARÚÐARREGLUR?

- Váttryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.



## HVAR GILDIR TRYGGINGIN?

Vátryggingin gildir á Íslandi.



## HVERJAR ERU SKYLDUR ÞESS TRYGGÐA?

- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun, breytingar á tryggingunni eða við tjonstilkynningu.
- Jafnskjótt og vátryggður fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa verði gerð á hendur honum ber honum að tilkynna félaginu það skriflega.
- Verði breytingar á atvikum eða upplýsingum, sem félaginu hefur verið skýrt frá í vátryggingarbeiðni, eða á annan hátt, skal vátryggingartaki tilkynna félaginu um þær.



## HVENÆR OG HVERNIG ER GREITT FYRIR TRYGGINGUNA?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á Mínum síðum Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkorti.



## HVENÆR HEFST VÁTRYGGINGARVERNDIN OG HVENÆR LÝKUR HENNI?

Vátryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa.



## HVERNIG ER TRYGGINGUNNI SAGT UPP?

Viðskiptavinir geta sagt tryggingunni upp hvenær sem er á vátryggingartímabilinu.